



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga, mál nr. S-52/2019

Tilv. 201903-0001

Drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga voru birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 21. febrúar sl. og var frestur veittur til 3. mars til, sem má telja afar stuttan frest í ljósi þess hversu umfangsmiklar breytingar eru lagðar til. Þá er það verulegur ágalli á framsetningu málsins að enginn greinargerð fylgir því, nema hlutagreinargerð um einstakar greinar frá 1-40 sem hefur þar að auki ekki verið í birtingu nema hluta tímabilsins. Ekki er því möguleiki á að kynna sér röksemdir stjórnvalda í heild fyrir þeim umfangsmiklu breytingum sem lagðar eru til. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir.

I

Lagðar eru til töluverðar breytingar frá núgildandi lögum og nokkrar þeirra munu, ef frumvarpið verður að lögum, hafa töluverð neikvæð áhrif, bæði á störf dýralækna og þjónustu dýralækna við bændur. Fyrst má nefna breytingar sem boðaðar eru á heimildum dýralækna til lyfjasölu, þ.e. afnám lyfsöluleyfis og krafa um að dýralæknar sæki um leyfi til Lyfjastofnunar til að ávísa lyfjum. Dýralæknum verður frá og með 1. janúar 2020 óheimilt að kaupa lyf frá lyfjaheildsölum til sölu frá starfsstofu sinni.

Í drögum að frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 145. lögb. 2015-2016 (þskj. 1105 – 677. mál). var að finna ákvæði er fjallaði um lyfjasölu dýralækna. Í hinu nýja frumvarpi hefur ákvæðið verið fellt út og öðrum ákvæðum sem henni tengdust breytt í samræmi við það. Ákvæðið var svohljóðandi:

Leyfi dýralækna til að selja lyf sem ætluð eru dýrum.

Lyfjastofnun veitir dýralæknum, að fenginni umsókn, leyfi til að selja lyf sem ætluð eru dýrum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. þeir hafi gilt starfsleyfi dýralæknis hér á landi, sbr. lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,



b. þeir hafi tilkynnt Matvælastofnun um að viðkomandi hafi hafið dýralæknastörf sem og um aðsetur starfseminnar.

Lyfsöluleyfi dýralækna takmarkast við sölu og afhendingu eftirtalinna lyfja:

- a. lausasölulyfja fyrir dýr,
- b. lyfja sem ávísað er af dýralækni, sbr. reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyffjum.

Bændasamtök Íslands leggja mikla áherslu á að dýralæknum verði áfram heimilað að selja lyf sem ætluð eruð dýrum að ofangreindum skilyrðum uppfylltum. Annað mun stórlega ógna dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni og aðgengi bænda að lyffjum innan eðlilegs tíma en opnunartími útibúa lyfsala á landsbyggðinni er víða mjög takmarkaður. Ofan á það bætast langar fjarlægðir. Dýralæknar munu verða fyrir tekjuskerðingu og óhagræði en nú þegar er erfitt að fá dýralækna til starfa í hinum dreifðu byggðum landsins. Ljóst er að framangreindar breytingar munu hafa afar neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir bændur sem og dýralækna.

II

Í öðru lagi er lagt til að verðlagning dýralyfja og lausasölulyfja verði gefin frjáls. Bændasamtökin hafa verulegar áhyggjur af áhrifum sem frjáls verðlagning dýralyfja hafi á starfsumhverfi bænda. Það liggur fyrir að slíkt getur haft í för með sér gríðarlegar hækkanir, ekki síst á bóluefnum og sníkjudýralyfjum, sem í nógildandi kerfi bera lægri álagningu skv. lögum. Framboðsmagni á dýralyfjum í dreifbýli sem þéttbýli er þegar ábótavant og mun herra verð að mati samtakanna vafalaust leiða til verri stöðu.

Bændasamtökin benda einnig á að í Noregi og víða í löndunum í kringum Ísland eru lausasölulyf seld í dagvöruverslunum. Það er liður í því að bæta búsetuskilyrði og styrkja stöðu dagvöruverslana, sérstaklega í dreifðum byggðum þar sem þær standa oft höllum fæti. Inni á vefsíðu Byggðastofnunar er að finna upplýsingar sérstakt átak í gangi þar sem verslanir í dreifbýli fá fjárframlög til að þessi mikilvæga þjónusta leggist ekki af.

III

Bændasamtökin telja að ráðuneytið þurfi að fara vel yfir þessar ábendingar við frekari vinnslu frumvarpsins. Breytingar sem kunna að verða lagðar til í endanlegri útgáfu frumvarpsins mega ekki leiða til þess að aðgengi bænda að nauðsynlegum lyffjum til að meðhöndla sjúk dýr verði skert, eða valdi verulegum verðhækkunum. Taka verður mið af þeirri takmörkuðu þjónustu sem



lyfjabúðir sjá sér fært að veita í mörgum dreifðari byggðum landsins. Núverandi tillögur munu hafa neikvæð áhrif á dýravelferð og Bændasamtökin leggjast gegn þeim.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

